

Stefna í upplýsingatækni

Verzlunarskóli Íslands leitast við að vera í fremstu röð í notkun upplýsinga- og tölvutækni. Meginmarkmiðið er að upplýsingatækni verði nýtt á markvissan hátt til að styrkja áherslur skólans í námi og kennslu. Áhersla er lögð á skapandi námsumhverfi sem eflir færni nemenda í notkun upplýsingatækni.

Markmið skólans er að:

- alls staðar innan skólans sé gott aðgengi að neti.
- öflug kerfisstjórn og tækniþjónusta sé fyrir hendi fyrir starfsmenn og nemendur.
- fylgjast grannt með þróun upplýsingatækni og -miðlunar sem nýtist í skólastarfi.
- nýjasta og besta tækni hvers tíma sé í notkun innan skólans.
- nemendur og starfsmenn hafi aðgang að nauðsynlegum tækni-búnaði í skólanum.
- allir kennarar við skólann búi yfir færni til að nýta upplýsingatækni í starfi sínu.
- skapa tækifæri fyrir kennara til að efla tölvufærni sína við miðlun kennsluefnis.
- kennarar nýti rafræn kennslugögn eins og kostur er og að próf og verkefnaskil verði sem mest í rafrænu formi.
- allir útskrifaðir nemendur við skólann hafi góða tölvufærni til að nýta við áframhaldandi nám og störf framtíðarinnar.
- nemendur og starfsmenn noti netið á ábyrgan og öruggan hátt.

Gert í janúar 2022